

Ár 2006, fimmtudaginn 30. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun forstöðumanns rannsóknarnefndar sjóslysa**

#### **I.**

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lögin um kjararáð tóku gildi skyldu sæta kjaraákvörðunum þess þar til kjararáð hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið.

Samkvæmt úrskurði fjármálaráðuneytisins dags. 29. maí 2006 er forstöðumaður rannsóknarnefndar sjóslysa embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. greinar, sbr. 2. mgr. sömu greinar, laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samgönguráðherra skipaði fyrst í embættið 3. maí 2006.

Með lögum um kjararáð var kjaranefnd lögð niður. Er nefndin var lögð niður hafði nefndin til meðferðar erindi samgönguráðuneytisins um ákvörðun launa og starfskjara forstöðumanns rannsóknarnefndar sjóslysa. Hafði nefndin aflað ýmissa gagna og upplýsinga vegna málsins. Kjaranefnd lauk ekki meðferð málsins og var því vísað til kjararáðs með bréfi dags. 28. júní 2006. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða sem áður er vísað til heyrir það undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns rannsóknarnefndar sjóslysa.

#### **II.**

Í lögum nr. 68/2000 um rannsókn sjóslysa er kveðið á um rannsóknarnefnd sjóslysa. Lögnum var síðast breytt með lögum nr. 12/2006 en í þeim fólst að samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn. Jafnframt ræður ráðherra aðstoðarforstöðumann að fengnum tillögum forstöðumanns. Forstöðumaður nefndarinnar er jafnframt rannsóknastjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður skulu hafa sérmenntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtist við sjóslysarannsóknir. Samgönguráðherra skipar fimm manna nefnd kunnáttumanna og skulu þeir hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við sjóslysarannsóknir. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Nefndin skal rannsaka sjóslys þar sem skráð skip eiga hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði, sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum, slys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þ.m.t. skipum undir 6 metrum að lengd. Nefndin ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar sjóslysa umfram það sem

henni er skylt. Í lögnum eru ýmis ákvæði um framkvæmd rannsókna en að lokinni rannsókn skal nefndin semja skýrslu um niðurstöðu hennar, þar sem gerð er grein fyrir orsök slyssins, tillögur um ráðstafanir sem gera má til að afstýra frekari slysum af sama eða líkum toga. Þá skal nefndin gera tillögur um úrbætur í öryggismálum til sjós og semja árlega yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt.

Samgönguráðherra hefur sett reglugerðir á grundvelli laganna, meðal annars nr. 133/2001 þar sem nánar er kveðið á um störf rannsóknarnefndar sjóslysa. Þar segir meðal annars að rannsóknir nefndarinnar skuli miða að því einu að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og að öryggi til sjós megi aukast, en tilgangur þeirra sé ekki að skipta sök eða ábyrgð. Nefndin skal annast skráningu sjóslysa. Ákvarðanir hennar skulu teknar á fundum, hún skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert og hún getur gert samning við Siglingastofnun Íslands eða aðra um fyrirkomulag samstarfs, þar á meðal um skyldubundna aðstoð við einstakar rannsóknir nefndarinnar, gagnkvæmar upplýsingar og fleira.

### III.

Kjaranefnd gaf samgönguráðuneytinu og forstöðumanninum, með bréfum dagsettum 1. júní 2006, kost á að koma að sjónarmiðum vegna málsins. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgdu. Nefndinni bárust svör frá forstöðumanninum og ráðuneytinu, bæði dagsett 12. júní 2006.

Í bréfi forstöðumannsins sagði meðal annars að í lögum um rannsóknarnefnd sjóslysa væri gert ráð fyrir útkallsvakt allan sólarhringinn og alla daga ársins. Hefðu bakvaktir þess vegna verið í samræmi við kjarasamninga og stæði forstöðumaður helming þeirra á mótí öðrum starfsmanni. Árið 2005 hefðu 168 atvik verið tilkynnt nefndinni og væri farið á vettvang alvarlegri slysa ef aðstæður leyfðu. Töluvert álag, áreiti og yfirvinna gætu fylgt starfinu. Skrifstofa nefndarinnar væri í Stykkishólmi og fylgdi því fjögurra klukkustunda akstur vegna erinda í Reykjavík. Ekki fylgdu starfinu sérstök hlunnindi. Nefndin hefði þó bifreið til umráða vegna starfa sinna. Að lokum lýsti forstöðumaðurinn þeirri von að kjaranefnd mæti starfskjör hans út frá bakvaktarálagi og öðru áreiti sem starfinu fylgdi.

Í bréfi ráðuneytisins var vakin athygli á því að forstöðumaðurinn væri jafnframt rannsóknastjóri nefndarinnar og skyldi hafa sérmenntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýttust við sjóslysarannsóknir. Störf forstöðumannsins væru mjög krefjandi og vinnutíminn óreglulegur og stæðu starfsmenn nefndarinnar bakvaktir og tæki forstöðumaðurinn helming þeirra. Að lokum lagði ráðuneytið áherslu á að við mat á heildarkjörum forstöðumannsins yrði horft til þess álags, áreitis og umstangs sem fylgdi því að vera á bakvakt og fara á vettvang þar sem alvarleg sjóslys hefðu orðið.

Kjaranefnd lauk ekki meðferð málsins og var því vísað til kjararáðs eins og áður segir. Með vísan til 6. greinar laga um kjararáð var fjármálaráðuneytinu með bréfi dags. 4. október 2006 gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins. Svar barst frá ráðuneytinu með bréfi dags. 23. október 2006.

### IV.

Í 8. grein laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. grein laganna skuli sérstaklega gæta

samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. grein hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Kjararáð hefur litið til kjara forstöðumanna sambærilegra rannsóknarnefnda sem heyra undir samgönguráðuneytið, þ.e. rannsóknarnefndar flugslysa og rannsóknarnefndar umferðarslysa. Verkefni þessara þriggja nefnda eru að mörgu leyti sambærileg, þótt hver þeirra hafi nokkra sérstöðu. Svipuð lög gilda um þær og bakvaktarálag fylgir þeim öllum, þótt ekki verði séð af lögum um rannsóknarnefnd sjóslysa að bakvakt sé lögbundin. Því þykir kjararáði rétt að við ákvörðun launa forstöðumanns rannsóknarnefndar sjóslysa sé höfð hliðsjón af kjörum forstöðumanna rannsóknarnefndar flugslysa og rannsóknarnefndar umferðarslysa, en við ákvörðun launakjara þeirra var höfð hliðsjón af stærð stofnananna og sérstöðu vegna bakvakta. Við ákvörðun einingafjöldna var tekið tillit til þess álags sem fylgir bakvöktum.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstöðumannsins verði eins og í ákvörðunarorði segir.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun forstöðumanns rannsóknarnefndar sjóslysa vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 127, nú 462.151 króna. Að auki skal greiða honum 44 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokkki 130, í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.124 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir